

VIÐAUKI C – BRÉF

1. Fornleifavernd ríkisins, Hulda S. Þráinsdóttir Minjavörður Austurlands, bréf dags. 24.7 2003. Varðar breytingu vegar, Sómastaðir – Hólmaströnd, (efri leið)
2. Fornleifavernd ríkisins, Hulda S. Þráinsdóttir Minjavörður Austurlands, bréf dags. 4.9 2003. Varðar nýbyggingu vegar Sómastaðir - Hólmaströnd (neðri leiðir)



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

VEGAGERÐIN	
Austurland	
Mótt.	29 JÚLÍ 2003
Skjalalykill	<input type="text"/>
Málsnr.	<input type="text"/> / <input type="text"/>

Egilsstöðum 24. júlí 2003

Vegagerðin
Sveinn Sveinsson
Búðareyri 11 - 13
730 Reyðarfirði

Varðar: Breytingu vegar, Sómastaðir - Hólmaströnd

Ofangreint framkvæmdasvæði Vegagerðarinnar var kannað á vettvangi þann 23. júlí síðastliðinn. Engar fornleifar fundust á framkvæmdasvæðinu og sér Fornleifavernd ríkisins því ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdir hefjist. Þó má minna á ákvæði 13. greinar þjóðminjalaga nr. 107/2001 en þar segir:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Hulda Sigurðis Þráinsdóttir
Hulda Sigurðis Þráinsdóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent: Fornleifavernd ríkisins



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

VEGAGERÐIN

Austurland

Mótt. - 9 SEP. 2003

Skjalalykill

11111111

Málsnr.

1111111111111111

Egilsstöðum 4. september 2003

Vegagerðin
Sveinn Sveinsson
Búðareyri 11 - 13
730 Reyðarfirði

Varðar: Nýbyggingu vegar, Sómastaðir – Hólmaströnd (neðri leiðir)

Fyrirhuguð er lagning nýs vegar frá Sómastöðum í Reyðarfirði um Hólmaháls til Eskifjarðar. Um er að ræða tvær hugsanlegar veglínur sem liggja að miklu leyti samhliða yfir hálsinn. Að beiðni Vegagerðarinnar hefur minjavörður Austurlands kynnt sér leiðirnar vegna hugsanlegra fornleifa. Leiðin hefur einnig verið skoðuð á vettvangi með tilliti til minja.

Ofangreindar veglínur liggja m.a. um tún Hólma í Reyðarfirði skammt eftir að þær greinast frá núverandi vegi. Hólmar voru um aldir kirkjustaður og prestsetur Reyðarfjarðarhrepps en heimildir eru um prest á staðnum um 1380. Árið 1909 hafði sókninni verið skipt og var kirkjan þá flutt á Búðareyri. Skráðar fornleifar á Hólmum eru alls 30 og gætu þrjár þeirra verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Fyrir innan og ofan túnið á Hólmum er grjótgardur. Minnst er á garðinn og grjótrétt fyrir 500 til 600 fjár í ritinu Skriðuföll og snjóflóð. Óvíst er um aldur þessara minja en 1950 fóru þær að stórum hluta undir aurskriðu sem féll úr hlíðinni. Ekki eru sjáanlegar neinar fornleifar þar sem veglínurnar liggja áfram um túnið á Hólmum en þó ber að hafa í huga að staðurinn á sér langa búsetusögu og því er rétt að fara að öllu með gát. Þegar komið er út fyrir túnið liggja leiðirnar nær samhliða utarlega í Hólmahálsinum.

Skammt frá þar sem veglínurnar liggja yfir utanverðan hálsinn er Árnaból, kennt við Árna nokkurn sem bjó á Baulhúsum. “Hann hafði naut í afrétt í Árnabólum. Árnaból eru utan og neðan við innri borgina. Nokkur garðlög eru á þessum stað og það greinilegasta er milli tveggja kletta, í einskonar skoru í Hólmanesi. Gardurinn er milli 30 og 40 m. og um 0,3 m. hár. Hann nær á milli tveggja kletta og lokar fyrir útgöngu á svæðinu” (Fornleifakönnun í Reyðarfirði, skýrsla Fornleifastofnunar Íslands 1999).

Þar sem leiðirnar koma yfir sjálfan hálsinn liggja þær skammt fyrir ofan svokallaða Baulhúsamýri. Þar fyrir innan, fyrir ofan Baulhúsavík, stóð áður bærinn Baulhús og má enn sjá þar greinilegar tættur. Baulhús voru afbýli frá Hólmum og voru fyrst byggð um 1830. Þau lögðust í eyði 15 árum síðar, en voru byggð aftur árið 1909. Samkvæmt heimildum hafa Baulhús verið í eyði frá 1917 (Sveitir og jarðir í Múlapingi III, 1976, bls. 144-5). Á þessu svæði eru fimm tóftir auk þess sem hluti hlaðins túngarðs sést fyrir ofan syðstu tóftina. Fyrirhugaðar veglínur liggja ofarlega yfir tóftasvæðið þannig að nær útilokað er að komast hjá raski á efstu tóftunum og túngarðinum. Líklegt er að tætturarnar séu að stofni til frá því Baulhús byggðust fyrst, eða um 1830, þó svo byggingar hafi trúlega verið endurnýjaðar að verulegu leyti þegar bærinn var byggður í seinna skiptið. Sama er að segja um túngarðinn sem er mjög ógreinilegur miðað við aðrar tættur á staðnum. Þess má geta að allar minjar eldri en hundrað ára teljast til fornleifa og þeim má ekki raska nema með sérstöku leyfi Fornleifaverndar ríkisins eins og fram kemur í 10. grein Þjóðminjalaga frá 2001. Þar segir:

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að æskilegra væri að velja aðra hugsanlega veglínu sem liggur mun ofar (sjá bréf minjavörðar, dags. 24. júlí sl.). Verði önnur hvor neðri leiðanna hinsvegar fyrir valinu þarf að fara fram ítarlegri fornleifarannsókn til að meta aldur og gerð þeirra mannvistarleifa sem raskað verður.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Hulda Sigurðis Þráinsdóttir
Hulda Sigurðis Þráinsdóttir
minjavörður Austurlands

Afrit sent: Fornleifavernd ríkisins